



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is
545 8200

Sölvhólsögötu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Þröstur Jónsson
Dalseli 10
700 Egilsstaðir

Reykjavík 21. september 2022

Tilv.: IRN22080026/4.13.1

Vísað er til erindis yðar frá 3. ágúst sl. vegna stjórnarsýslu sveitarfélagsins Múlaþings í tengslum við ákvörðum um hæfi yðar í málum sem leiðaval við Fjarðaheidiðagöng sem eru til meðferðar hjá byggðaráði og sveitarstjórn sveitarfélagsins.

Eftirlitshlutverki samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis með sveitarfélögum er lýst í XI. kafla sveitarstjórnarlaga. Þar kemur meðal annars fram í 1. mgr. 109. gr. að ráðuneytið hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélaga og því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Ráðuneytið hefur þó ekki eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélaga sem öðrum stjórnvöldum á vegum ríkisins hefur með beinum hætti verið falið eftirlit með, sbr. 2. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga. Eftirlit ráðuneytisins fer meðal annars fram með þeim hætti að ráðuneytið tekur til úrskurðar stjórnarsýslukærar sem því berast vegna stjórnvaldsákvarðana sveitarfélaga í málefum sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga. Þá getur ráðuneytið einnig ákveðið að eigin frumkvæði eða á grundvelli ábendinga eða kvartana borgara að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnarsýslu sveitarfélags og meðal annars gefið út álit um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélags af því tilefni, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 112. gr. sömu laga.

Í ljósi þess að í erindi yðar var óskað eftir úrskurði ráðuneytisins tók ráðuneytið til skoðunar hvort álið væri tækt til úrskurðar á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga. Eitt frumskilyrði þess að ráðuneytið geti tekið mál til úrskurðar er að fyrir liggi stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Hugtakið hefur verið skilgreint á þann veg að um stjórnvaldsákvörðun ræði þegar stjórnvald kveður einhliða á um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu máli í skjóli stjórnarsýsluvalds. Að mati ráðuneytisins fellur ákvörðun sveitarfélagsins um hæfi yðar til að taka þátt í meðferð tiltekins máls ekki undir hugtaksskilgreiningu stjórnvaldsákvörðunar sem lýst er að ofan þar sem m.a. liggur ekki fyrir sérstök ákvörðun sveitarfélagsins um réttindi eða skyldu manna. Er mál þetta því ekki tækt til úrskurðar á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga.


Erindi yðar verður hins vegar tekið til skoðunar af hálfu ráðuneytisins á grundvelli þess að um ábendingu eða kvörtun sé að ræða vegna stjórnarsýslu sveitarfélags og mun ráðuneytið leggja mat á hvort að efni erindisins gefi tilefni til að fjalla formlega um stjórnarsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Við mat á því hvort tilefni sé til að taka stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar lítur ráðuneytið til tiltekinnar sjónarmiða sem fram koma í verklagsreglum sem birtar eru á vefsíðu ráðuneytisins, www.srn.is. Meðal þessara sjónarmiða eru hvort vísbendingar séu um að stjórnarsýsla sveitarfélags samrýmist ekki lögum, hversu miklir þeir hagsmunir eru sem málið varðar, hversu langt er liðið frá því atvik máls áttu sé stað, hvort sá sem ber fram kvörtun er kjörinn

fulltrúi í sveitarstjórn og hversu mikil réttaróvissa ríkir á því sviði sem málið varðar, það er hvort þörf er á leiðbeiningum ráðuneytisins.

Rétt er að taka fram að mál sem ráðuneytið tekur til skoðunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga eru almennt þess eðlis að sá sem sendir inn kvörtun eða ábendingu hefur ekki stöðu aðila máls en honum eru þó sendar upplýsingar um afstöðu ráðuneytisins í málinu þegar hún liggur fyrir.

Að lokum er ástæða til að geta þess að ráðuneytið hefur nú til skoðunar mikinn fjölda ábendinga/kvartana vegna stjórnsýslu sveitarfélaga og er þær almennt teknar fyrir í þeirri röð sem þau berast. Er því líklegt að tafir verði á að niðurstaða ráðuneytis liggi fyrir.

Fyrir hönd ráðherra



Ingilín Kristmannsdóttir



Brynjólfur Hjartarson